



Kristján Magnússon
frá Stóra-Múla

Reykjavík, Ragnheiður dó um brítugt, Hallgrímur Sveinn á Kringslu í Þingi, Sigurlaug Guðbjörg dó 36 ára, Björn Helgi bífreiðarstjóri í Reykjavík.

Kristján Hans Sigurðsson. F. 16. ág. 1880. D. 20. nóv. 1918. Foreldrar: Sigurður Kristjánsson á Fellsenda í Miðdolum og kona hans Stefánía Guðmundsdóttir. Missti foreldra sína árs gamall, en ólst upp í Miðdolum; var á Sauðafelli 1890. Síðar bóni á Járngerðarstöðum í Grindavík. Kona: Valgerður (d. 3. júlí 1918, 48 ára) Sæmundsdóttir á Járngerðarstöðum, Jónssonar. Þau áttu ekki börn sem lifðu.

Kristján Þorgilsson. F. 4. apríl 1907. D. 22. okt. 1927. Foreldrar: Þorgils Friðriksson í Knarrarhöfn í Hvammssveit og kona hans Halldóra Ingibjörg Sigmundsdóttir. Nemandi í gagn-

* bútþörg Einarsson
Síð: I bl 90
og III bl 480

fræðaskólanum á Akureyri.
Varð bráðkvaddur.

Kristján Þorsteinsson. F. 2. des. 1854. D. 6. des. 1924. Foreldrar: Þorsteinn Kristjánsson á Fremri-Hrafnabjörgum og fyrri kona hans Steinunn Jónsdóttir. Bóni í Norður-Bár í Eyrarsveit og í Mávahlíð í Nes'hreppi innan Ennis. Fluttist til Akraness og átti þar heima til æviloka. Kona: Sigurlín Þórðardóttir frá Bár, Einarssonar (og konu hans Valdísar Jónsdóttur frá Arney). Börn þeirra: Kristólína átti Ólaf Bjarnason á Brimilsvöllum, Guðbjörg átti Einar Jónsson kennara á Hvanneyri og síðar verkstjóra í Reykjavík, Jens fisksali í Hafnarfirði, María dó ógift, Geirþrúður átti Bjarna Hallsteinsson frá Skorholti, Júlíana dó 16 ára, Lilja átti Águst Jóhannesson í Hafnarfirði, Þórildur átti Guðmund Þórarinson í Reykjavík.

Kristjana Johanna Briem. F. 19. jan. 1805. D. 15. apríl 1886. Foreldrar: Gunnlaugur Briem, síðar sýslumaður, og kona hans Valgerður Árnadóttir. Fædd í Arnarbæli á Fellsströnd, en fluttist tveggja ára með foreldrum sínum norður að Grund í Eyjafirði og ólst þar upp til 17 ára aldurs. Dvaldist síðan í mörg ár á heimili frænda síns, Birgis Thorlaciusar háskóla-kennara í Kaupmannahöfn, og konu hans. Reyndust þau hjón henni sem beztu foreldrar, og með þeim fór hún í ferðalag 1826–27 suður um Þýzkaland og Austurríki til Ítalíu, með

vetrarsetu í Róm og sex mánaða dvöl í París á heimleið. Hvarvetna þar sem hún kom, vakti hún athygli sökum fríðleika og tígulegrar framkomu, gáfna og góðrar menntunar. Maður hennar: Carl Wilhelm Schütz, þýzkur málfræðingur og doktor í fornmálum, kennari við menntaskóla í Bielefeld í Þýzkalandi, glæsimenni í sjón og afburðasnjall hljóðfæraleikari. Hann var fæddur 14. apríl 1805, en þau giftust 25. maí 1831. Höfðu þau kynnt í suðurferðinni, sem fyrr er getið. Er rómað, hve hjónaband þeirra varð hamingjusamt; er og merkur ættbogi frá þeim kominn. Dr. Schütz lifði konu sína; hann lézt 15. sept. 1892. Börn þeirra: Benedicte Caroline Valgerður átti Friedrich Ludwig Naumann, dr. jur., justizráð í Celle, Alfred, mun hafa dáið ungur, Minna, dó ung, Emma kennslukona, ógift, Harald, dr. phil., mikill stærðfræðingur, rektor í Traunstein og Frankfurt, Arthur, dó þriggja ára. (Jólablað Dags á Akureyri 1953: Jóhanna fagra, eftir síra Benjamín Kristjánsson. Niðatal Gunnlaugs Briems sýslumanns og Valgerðar Árnadóttur, konu hans. Nýlegt handrit hinnar þýzku greinar ættarinnar).

Kristjana Eyjólfssdóttir. F. 1805. D. 23. ág. 1869. Foreldrar: Eyjólfur Gíslason prestur á Efri-Múla í Saurbæ og kona hans Guðrún Jónsdóttir prests og skálds á Bægisá Þorlákssonar. Fædd í Stóra-Galtardal á

Fellsströnd. Maður hennar: Magnús Nikulásson (eldri) frá Orrahóli. Þau bjuggu á Narfeyri á Skógarströnd og í Holti í Fróðársókn. Þau áttu sex börn, sem talin eru í æviskrá Magnúsar hér nokkru aftar.

Kristjón Daðason. F. 4. maí 1899. D. 16. jan. 1962. Foreldrar: Daði Daðason á Litla-Vatnshorni í Haukadal og kona hans Guðbjörg Sigríður Jóhannesdóttir. Fluttist ungar til Reykjavíkur með foreldrum sínum. Lærði múnaraiðn og stundaði hana til æviloka. Einstakt ljúfmenni. Kona: Sigþrúður (f. 26. jan. 1901) Pétursdóttir úr Reykjavík. Þau skildu. Börn þeirra: Pétur bílstjóri í Reykjavík, Guðbjörg húsfreyja í Mosfellssveit.

Kristmann Jónsson. F. 6. okt. 1853. D. 7. ág. 1881. Foreldrar: Jón Jónsson á Þórólfssstöðum í Miðdolum og kona hans Ingibjörg Jónsdóttir. Gullsmíðasveinn í Reykjavík. Efnismaður, skáldmæltur og áhugasamur um hljómlist. Stofnaði með Helga tónskáldi Helgasyni fyrsta hornaflokk í Reykjavík. Var og talinn mjög reglusamur Sunnudaginn 7. ágúst 1881 fór hann í skemmtireið upp að Kolviðarhóli, og voru í fór með honum unglingspiltur, stúlka og sjómaður, öll úr Reykjavík. Um nónbil fóru þau frá Kolviðarhóli. Um miðaftan fannst Kristmann örendur skammt frá bænum, en sjómaðurinn lá ofurölví þar skammt frá. Réttar-rannsókn fór fram, en ekkert sannaðist um það, hvernig